

# Skýrsla vinnuhóps um málefni frístundabænda.

Á fundi bæjarstjórnar nr. 217 sem haldinn var 26. okt. 2006 samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms samhljóða tillögu um að stofnaður verði vinnuhópur í málefnum frístundabænda.

## **Tillagan var svohljóðandi:**

Við gerum það að tillögu okkar að settur verði á stofn vinnuhópur sem hafi það verkefni að koma með tillögu að stefnu í málefnum frístundabænda.

Vinnuhópurinn samanstandi af:

Einum tilnefndum af Nýræktarfélaginu  
Einum tilnefndum af Fjáreigendafélaginu  
Einum tilnefndum af Landbúnaðarnefnd  
Einum tilnefnum af D-lista  
Einum tilnefndum af L-lista

Hópurinn komi sér saman um verkaskiptingu þ.e.a.s. formann og ritara.  
Bæjarstjóra verði falið að boða til fyrsta fundar.

Hópurinn haldi að minnsta kosti einn opinn fund með áhugafólki um frístundabúskap í Stykkishólmi.

Vinnuhópurinn taki sér ekki lengri tíma en sex mánuði til verksins.

## **Fulltrúar í vinnuhópnum**

Samþykkt að skipa Símon Sturluson D-lista, Lárus Á. Hannesson L-lista, Helgu Guðmundsdóttur frá Nýræktarfélagi, Lárus F. Hallfreðsson frá Landbúnaðarnefnd og Guðmund Benjamínsson frá Fjáreigendafélagi.

Vinnuhópurinn kaus Lárus Ástmar sem formann og Helgu Guðmundsdóttur sem ritara.

## **Starf hópsins**

Vinnuhópurinn hélt fjóra fundi alls. Tvo vinnufundi til skrafs og ráðagerða og til undirbúnings opna fundinum. Opinn fund og einn fund til að fara yfir niðurstöður og skoða tillögu að skýrslu og breyta og betrumbæta hana. Fundargerðir fundanna fylgja hér að aftan. Vinnuhópurinn hélt skilgreiningunni á hugtakinu “frístundabóndi” opnu og átti það eins við um áhugafólk um fuglahald, garðræktar fólk og sauðfjárahugafólk.

## Opni fundurinn

Góð þátttaka var á fundinum eða 28 manns og var meðal annars lagður fyrir fundargesti spurningalisti sem gerður var til að varpa ljósi á þörfina fyrir aukið svæði og fyrir það sem þeir sem stunda frístundabúskapa vilja leggja áherslu á til að áhugamálið verði enn áhugaverðara. Listan notaði vinnuhópurinn til að leggja fram tillögur fyrir bæjarstjórn til áframhaldandi vinnu.

## Spurningalistinn og niðurstaðan

### Spurningalistinn var svohljóðandi

Könnun á stöðu og framtíð frístundabúskapar í Stykkishólmi.

**Vinsamlegast gerið grein fyrir ykkar afstöðu í eftirfarandi málum. Þú átt að setja inn einkunnirnar frá 1- 10 þar sem 10 er best.**

1. Hversu mikilvægt telur þú að ákveðið svæði fyrir frístundabúskap verði sett inn í framtíðarskipulag bæjarins?\_\_\_\_\_
2. Að rennandi vatn verði í húsunum?\_\_\_\_\_
3. Að rafmagn verði í húsunum?\_\_\_\_\_
4. Samræmt útlit húsakosts?\_\_\_\_\_
5. Tilmæli um hámarksfjölda gripa?\_\_\_\_\_
6. Hver telur þú að sé hentug stærð á landi í fermetrum/hekturum?\_\_\_\_\_
7. Getur farið saman sauðfjárhald, garðrækt og fuglahald?\_\_\_\_\_
8. Eitthvað fleira sem þú vilt minnast á og getur orðið áhugamálunum til framdráttar.

---

---

---

---

---

---

9. Hefur þú áhuga á að halda skepnur eða rækta garð en hefur ekki aðstöðu eða möguleika til að útvega þér aðstöðu?  
(já/nei)\_\_\_\_\_

## Niðurstaða úr liðunum

1. Hversu mikilvægt telur þú að ákveðið svæði fyrir frístundabúskap verði sett inn í framtíðarskipulag bæjarins?\_\_\_\_\_

Í þessum lið komu einungis tölurnar 8,9 og 10 fyrir og meðaltalið 9,4.

2. Að rennandi vatn verði í húsunum?\_\_\_\_\_

Allar mögulegar tölur voru valdar í þessum lið og meðaltalið 7,0.

3. Að rafmagn verði í húsunum?\_\_\_\_\_

Hér var einnig mikil dreifing á tölum og meðaltalið 6,4.

4. Samræmt útlit húsakosts?\_\_\_\_\_

Mjög skiptar skoðanir og meðaltal 5,6.

5. Tilmæli um hámarksfjölda gripa?\_\_\_\_\_

Greinileg skipting annaðhvort fylgjandi eða algjörlega andvíg, meðaltal 5,7.

6. Hver telur þú að sé hentug stærð á landi í fermetrum/hekturum?\_\_\_\_\_

Hentug stærð var talin vera 0,3 – 2,0hektara. Athyglisvert var hversu margir nefndu 0,5 hektara sem nægjanlega og hentuga stærð.

7. Getur farið saman sauðfjárhald, garðrækt og fuglahald?\_\_\_\_\_

Allir sem tóku afstöðu töldu sauðfjárrækt, garðrækt og fuglahald geti farið saman.

8. Eitthvað fleira sem þú vilt minnst á og getur orðið áhugamálunum til framdráttar.

Í þessum lið komu eftirfarandi tillögur: Stykkishólmsbær kaupi bú sem verða seld innan bæjarlandsins. Betra viðhald á nýræktarvegi og lýsingu á honum.

9. Hefur þú áhuga á að halda skepnur eða rækta garð en hefur ekki aðstöðu eða möguleika til að útvega þér aðstöðu?  
(já/nei)\_\_\_\_\_

Í þessum lið vakti athygli að fimm aðilar sögðust hafa áhuga á að koma sér upp aðstöðu.

## Tillögur frá vinnuhópnum

Við leggjum til að sem fyrst verði farið af stað með að skipuleggja og opna svæði fyrir frístundabú (fjárhús og e.t.v. hænsnakofa) og bendum þar á það svæði sem nýræktarfélagið hefur til umráða og liggur frá landi Eiríks Helgasonar og vestur. Þessi vinna fari fram í samvinnu við nýræktarfélagið. Fljótlega verði farið af stað með að skilgreina og skipuleggja allt það svæði sem til framtíðar flokkist til frístundabúskapar og þau svæði sem eru í eigu einstaklinga og falla undir framtíðarskipulagið verði keypt. Við alla hönnunar- og skipulagsvinnu verði haft í huga að til framtíðar litið verði leitt vatn og rafmagn í búin. Bæjaryfirvöld kanni möguleika á að fá leitt vatn í þau bú sem eru og hver kostnaðurinn yrði fyrir hvern bónda. Við teljum að hentug stærð lands sé 0,5-1,0 hektari fyrir hvert bú þannig að búin verði freka fleiri og minni en fá og stór nema ef um “samyrkjubú” sé að ræða. Einhverjir annmarkar, tilmæli og jafnvel reglur verði á útliti og stærð og jafnvel litarvali þeirra húsa sem byggð verða, sér í lagi ef skipulagt verður í einhverskonar hverfi. Bæjaryfirvöld beini því til fjárbænda að of mikill fjöldi gripa sé ekki æskilegur (10-15 gripir) þannig að frekar fleiri en færri hafi möguleika til að vera við áhugamálið því það er takmarkað hvað svæðið ber. Einnig verði því beint til fjárhús- og landeigenda sem nú þegar eru með bú að huga vel að útliti og hirðingu húsa, girðinga og lands. Gætt verði að viðhaldi á vegi í frístundabyggð.

## Lokaorð

Við þökkum fyrir það tækifæri að fá að vinna því góða málefni sem frístundabúskapur er. Áhugamál af þessu tagi tvinnast við sögu bæjarins og er lóð á vogarskálir lýðheilsu og afþreyingar. Frístundabúskaður fer vel saman við þann ferðamannaíðnað og þjónustu sem í Stykkishólmi er.

Við þökkum frábærar viðtökur innan frá áhugasömu fólki og vonum að þessi vinna verði bæjaryfirvöldum hentugt plagg í áframhaldandi stefnumótunarvinnu í málefnum frístundabænda.

Stykkishólmi 19. apríl

Lárus Ástmar Hannesson, Helga Guðmundsdóttir, Símon Sturluson, Lárus Frans Hallfredsson og Guðmundur Benjamínsson.